

### Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Lagt er til að skóla- og frístundaráð veiti skóla- og frístundasviði heimild til að semja við L.F.A. ehf. eða annan þar til bærán aðila um rekstur leikskólastarfsemi í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Bakka í Staðahverfi.

### Greinargerð:

Leikskólinn Bakki í Staðahverfi í Grafarvogi hóf starfsemi sína í desember 2003 en í ársbyrjun 2017 var skólinn sameinaður öðrum borgarreknum leikskóla. Það hefur legið lengi í loftinu að Reykjavíkurborg hygðist gefast upp á að reka leikskólastarfsemi í Staðahverfi en á síðasta kjörtímabili hætti borgin að reka grunnskóla í hverfinu. Vandræðagangurinn í kringum starfsemi Bakka hefur verið mikil síðan í sumar, svo sem sjá má af fundargerðum skóla- og frístundaráðs 5. september 2022 (9. dagskrárliður), 3. október 2022 (8. dagskrárliður) og 21. nóvember 2022 (14. dagskrárliður). Á hinn bóginn hefur sá valkostur orðið raunhæfur að sjálfstætt starfandi leikskóli reki leikskólastarfsemi í húsnæði Bakka, þ.e. L.F.A ehf. Miðað við fyrirbyggjandi heimildir á Reykjavíkurborg að geta gengið til slíkra samninga en því hefur verið borið við innan borgarkerfisins að reglur á sviði útboðs- og innkaupamála komi í veg fyrir slíka framvindu mála. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa hvorki séð haldbær gögn né rök sem hníga að slíkri niðurstöðu. Af þeim ástæðum er tillagan lögð fram.